

REGLUR

um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2011.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um mat á hlunnindum til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna tekjuársins 2011, sbr. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með áorðnum breytingum, sbr. og A-lið 1. mgr. 30. gr. þeirra laga og ákvæði í c-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Skattmat þetta gildir einnig við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2011 nema um sé að ræða tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Skattmatið tekur til hvers þess sem nýtur hlunninda eða er aðnjótandi gæða, sem telja ber til tekna skv. 7. gr. laga nr. 90/2003, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem þeirra nýtur. Skiptir ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða er tilkomið með öðrum hætti. Þegar talað er um launamann eða starfsmann í reglum þessum skal það eftir því sem við á einnig taka til maka hans og barna, svo og hvers þess aðila sem nýtur viðkomandi hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar, vensla eða tengsla, við þann sem hlunnindin lætur í té.

1. Almennt um mat á hlunnindum.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlutnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, hvers konar fríðindi, greiðslur í vörum eða afurðum, svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærsgjafir.

Þau gæði og hlunnindi, sem ekki hafa verið í krónum talin, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat, sbr. kafla 2 hér á eftir.

Séu hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

2. Sérstakt tekjumat.

2.1. Ýmis starfstengd hlunnindi.

Öll hlunnindi og fríðindi sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té til einkaþarfa eru lögð að jöfnu við laun til viðkomandi og ber að telja til tekna miðað við markaðsverð eða gangverð, þ.e. til tekna skal telja fjárhæð sem nemur þeim kostnaði sem launþeginn hefði þurft að leggja út fyrir í þessu sambandi, nema um hlunnindi eða fríðindi þessi gildi sérstakt matsverð samkvæmt skattmati þessu. Hér er átt við hlunnindi og fríðindi tengd starfinu, sem starfsmaður nýtur án þess að greiða fyrir þau fullt verð, hvort sem um er að ræða að launþeginn fái eitthvað til eignar, afnota, láns eða neyslu.

Til tekna skal ekki telja almennar kaffiveitingar starfsmanna á starfsstað, afnot þeirra af heilsubótaraðstöðu á starfsstað, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og þátttöku í námskeiðum sem tengast starfi þeirra beint.

Ekki skal telja til tekna hlunnindi og fríðindi sem felast í árshátið starfsmanna, starfsmannaferðum, jólagleði og sambærilegum samkomum og viðburðum, enda sé að jafnaði um að ræða viðburði sem standi öllum starfsmönnum launagreiðandans til boða og árlegur kostnaður af þeim nemi ekki hærri fjárhæð en 100.000 kr. á hvern starfsmann. Hlunnindi og fríðindi af umraeddum toga umfram 100.000 kr. skulu teljast starfsmanni til tekna, hvernig sem fyrirkomulagi á greiðslum launagreiðanda er háttáð.

Sömu reglur gilda um framlög launagreiðanda til starfsmannafélaga sem nýtt eru til greiðslu á sams konar kostnaði og að framan greinir.

2.2. Fatnaður.

Telja skal til tekna á kostnaðarverði fatnað sem láttinn er starfsmanni í té. Þetta á þó ekki við um einkennisfatnað sem starfsmönnum er ætlað að nota við störf sín, eða annan þann fatnað sem auðkenndur er eða merktur launagreiðanda, og einkum er nýttur vegna starfa í þágu hans.

Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf hans, þ.m.t. er sá öryggis- og hlífðarfatnaður sem launagreiðendum er skylt skv. lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum að afhenda launþegum án endurgjalds.

2.3. Bifreiðahlunnindi.

Almennt.

Færa skal launþega til tekna umráð hans yfir bifreið launagreiðanda.

Hafi launagreiðandi bifreið á leigu eða til láns og láti launþega hana í té til umráða skulu þau metin launþeganum til tekna á sama hátt og ef bifreiðin væri í eigu launagreiðandans, sbr. það sem hér fer á eftir.

Greiði launamaður launagreiðanda sínum sannanlega fyrir afnot bifreiðarinnar koma slíkar greiðslur til frádráttar tekjumatinu.

Full og ótakmörkuð umráð.

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið, jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af, til fullra umráða skal meta þau starfsmanni til tekna án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.

Hafi starfsmaður fleiri en eina bifreið frá launagreiðanda sínum til fullra eða ótakmarkaðra umráða samtímis fyrir sig eða fjölskyldu sína skal reikna starfsmanninum til hlunninda umráð hans yfir hverri bifreið fyrir sig.

Ársumráð bifreiðar skulu metin til tekna sem hlutfall af verði þeirra sem hér segir:

Bifreið, sem tekin var í notkun á árunum 2009, 2010 eða 2011	26%
Bifreið, sem tekin var í notkun á árunum 2006, 2007 eða 2008	21%
Bifreið, sem tekin var í notkun á árunum 2005 eða fyrr	18%

Greiði starfsmaður sjálfur rekstrarkostnað bifreiðar sem hann hefur til umráða skal lækka hlutfall hlunninda um 6% af verði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint, sbr. hér á eftir. Með rekstrar-kostnaði í þessu sambandi er átt við eldsneytiskostnað, smurningu, þrif o.p.h. Lækkun á hlunnindamati af þessum sökum verður aldrei meiri en 6% af verði bifreiðarinnar.

Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara hluta úr ári.

Verð bifreiðar er í þessu sambandi skilgreint í bæklingnum bifreiðaskrá, RSK 6.03, sem gefinn er út árlega og er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is, og miðast við staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri bifreið frá bifreiðaumboði ár hvert. Sækja skal verð bifreiðar í bifreiðaskrá þess árs þegar bifreiðin var tekin í notkun og margfalda með verðbreytingarstuðli viðkomandi árs, sbr. töflu í greindum bæklingi og upplýsingar á rsk.is, eða miða við staðgreiðsluverð nýrrar bifreiðar sömu tegundar á staðgreiðsluárinu 2011 reynist það lægra. Sé bifreið eigi til sölu hér á landi og eigi unnt að fá staðfestar upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum. Í stað þess að sækja verð bifreiðar í bifreiðaskrá skal heimilt að miða verð til útreiknings á bifreiðahlunnindum við upphaflegt kaupverð viðkomandi bifreiðar eins og það er fyrst skráð í ökutækjaskrá hjá Umferðarstofu margfölduðu með verðbreytingarstuðli kaupárs, sbr. hér að framan.

Sé bifreið í sameign starfsmanns og launagreiðanda skal, í samræmi við framanritað, telja starfsmanni til hlunninda umráð þess hluta bifreiðarinnar sem er í eigu launagreiðanda.

Eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum sem og stjórnarmenn félaga teljast ætið hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum sem þeim eru látnar í té og þeir hafa til einkanota, þ.m.t. skutbifreiðum, jeppabifreiðum, eða öðrum þeim bifreiðum sem hægt er að hafa sambærileg not af.

Takmörkuð afnot.

Hafi starfsmaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og honum er einungis heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota telst hann hafa takmörkuð afnot af bifreiðinni, enda sé hún að öðru leyti notuð í daglegum rekstri launagreiðanda. Takmörkuð afnot skulu metin til tekna miðað við 99,00 kr. á hvern ekinn kilómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá starfsmanni. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan.

Þegar bifreið launagreiðanda er notuð til að koma starfsmönnum milli heimilis og vinnustaðar utan þess tíma sem almenningssamgöngur eru fyrir hendi og kjarasamningar kveða á um slíkt, skal ekki telja þann akstur til skattskyldra tekna starfsmanna. Við þessar aðstæður er heimilt að launþegi nýti bifreið þessa til aksturs milli heimilis síns og vinnustaðar, enda sé honum jafnframt gert að sækja/skila öðrum starfsmönnum sama launagreiðanda til og frá heimilum þeirra. Við upphaf eða lok vinnudags.

2.4. Önnur vélknúin ökutæki.

Færa skal launþega til tekna umráð hans yfir öðrum vélknúnum ökutækjum launagreiðanda en bifreiðum, s.s. mótorhjólum, torfæruhjólum, vélsléðum, fjórhjólum og öðrum sambærilegum tækjum. Sé um slík umráð að ræða teljast þau ætíð full og ótakmörkuð.

Hafi launagreiðandi vélknúið ökutæki á leigu eða til láns og láti launþega það í té til umráða skulu þau metin launþeganum til tekna á sama hátt og ef takið væri í eigu launagreiðandans, sbr. það sem hér fer á eftir.

Greiði launamaður launagreiðanda sínum sannanlega fyrir afnot tækisins koma slíkar greiðslur til frádráttar tekjumatinu.

Meta skal hlunnindin sem hlutfall af kaupverði tækis í hendi eiganda margfölduðu með verðbreytingarstuðli kaupárs þess, sbr. töflu í bifreiðaskrá, RSK 6.03, og upplýsingar á rsk.is, eða miða við staðgreiðsluverð nýs tækis sömu tegundar á staðgreiðsluárinu 2011 reynist það lægra. Sé tæki eigi til sölu hér á landi og eigi unnt að fá staðfestar upplýsingar um verð á því skal miða við verð á sambærilegu tæki.

Ársumráð tækis skulu metin til tekna sem hlutfall af verði þess sem hér segir:

Tæki, sem tekið var í notkun á árunum 2009, 2010 eða 2011	26%
Tæki, sem tekið var í notkun á árunum 2006, 2007 eða 2008	21%
Tæki, sem tekið var í notkun á árunum 2005 eða fyrr	18%

Greiði starfsmaður sjálfur rekstrarkostnað tækis sem hann hefur til umráða skal lækka hlutfall hlunninda um 6% af hlunnindamatsverði þess, sbr. að framan. Með rekstrarkostnaði í þessu sambandi er átt við eldsneytiskostnað, smurningu, þrif o.p.h. Lækkun á hlunnindamati af þessum sökum verður aldrei meiri en 6% af verði tækisins.

2.5. Hlunnindi af notkun einkaflugvéla.

Telja skal til skattskyldra hlunninda starfsmanns notkun flugvél (vélknúinna flugtækja) sem launagreiðandi hefur forráð yfir, þ.e. er í eigu launagreiðanda eða aðila honum tengdum, eða hann hefur á leigu frá skyldum eða óskyldum aðila, ef ferð telst vera í einkaþágu starfsmanns, fjölskyldu hans eða annarra aðila á hans vegum. Orlofs- og skemmtiferðir og ferðir sem farnar eru vegna viðburða sem ekki tengjast með beinum hætti starfi í þágu launagreiðanda teljast vera í einkaþágu. Ferðir til og frá starfsstöðvum launagreiðanda bæði innanlands og utan teljast ekki í einkaþágu starfsmanns í þessu sambandi.

Meta skal hlunnindi þessi miðað við 150.000 kr. á hvern byrjaðan flugtíma. Með flugtíma í þessu sambandi er átt við þann tíma sem ferð tekur frá því flugvél fer frá stæði á flugvelli þar til hún hefur verið stöðvuð á stæði að ferð lokinni. Sé flugvél lítin bíða eftir farþega milli ferða bætist sá tími við flugtíma. Sé flugvél flogið til baka án farþega bætist sá flugtími einnig við flugtíma til útreiknings á hlunnindum.

Það er á ábyrgð launagreiðanda að fylgjast með notkun slíkra flugvéla sem hér um ræðir og reikna hlunnindi af notkun þeirra, eftir því sem efni standa til, og halda eftir staðgreiðslu af þeim hlunnindum, sbr. 1. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 1. gr. reglugerðar nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með áorðnum breytingum.

2.6. Fargjöld með almenningsfarartækjum – öðrum farartækjum.

Ekki skal telja til skattskyldra tekna launþega greiðslu launagreiðanda á venjulegum fargjöldum með almenningsvögnum í reglubundnum fólkssflutningum að hámarki 5.000 kr. á mánuði, enda sé til þess ætlast af launagreiðanda að þessi ferðamáti sé nýtt vegna ferða í hans þágu.

Launagreiðanda er á sama hátt heimilt að greiða starfsmönnum 5.000 kr. á mánuði vegna kostnaðar við önnur farartæki, t.d. reiðhjól, sem nýtt eru vegna ferða í þágu launagreiðandans, án þess að slík greiðsla teljist til skattskyldra tekna starfsmanna. Undanþegin fjárhæð getur aldrei farið yfir 5.000 kr. á mánuði þótt greitt sé fyrir fleiri en einn ferðamáta.

2.7. Fæði.

Fæði, sem launagreiðandi lætur starfsmanni og/eða fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, skal metið starfsmanninum til tekna sem hér segir:

	kr.
Morganverður	320
Hádegisverður eða kvöldverður	480
Fullt fæði á dag	1.280

Ef um er að ræða börn yngri en 12 ára er heimilt að lækka framangreindar fjárhæðir um fjórðung.

2.8. Íbúðarhúsnaði og orlofshús.

Endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsnaði og orlofshúsnaði sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té til umráða skulu metin starfsmanninum til tekna. Skal matið vera sem hér segir:

Árleg afnot skulu metin til tekna sem jafngildi 5% af fasteignamati íbúðarhúsnaðisins (þ.m.t. bílskúr og önnur sérstaklega metin mannvirki á lóð íbúðarhúsnaðis) og lóðar og margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnaðið er sbr. eftirfarandi:

Gildistala	Staðsetning (sveitarfélagsnúmer innan sviga)
1,0	Reykjavíkurborg (0000), Seltjarnarneskaupstaður (1100), Mosfellsbær (1604), Kópavogsbær (1000), Garðabær (1300), Sveitarfélagið Álftanes (1603), Hafnarfjarðarkaupstaður (1400).
0,80	Grindavíkurbær (2300), Sandgerðisbær (2503), Sveitarfélagið Garður (2504), Reykjanesbær (2000), Sveitarfélagið Vogar (2506), Akraneskaupstaður (3000), Akureyrarkaupstaður (6000), Sveitarfélagið Árborg (8200), Hveragerðisbær (8716), Sveitarfélagið Ölfus (8717).
0,70	Önnur sveitarfélög.

Endurgjaldslausa orkunotkun (rafmagn og hita) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launamanns kvöð um búsetu í húsnaði, sem launagreiðandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnaðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnaðið að fullu. Íbúðarhúsnaði allt að 150 m² að viðbættum 5 m² fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt.

Eigi skal meta til tekna afnot af húsnaði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Endurgjaldslaus afnot starfsmanns af orlofshúsnaði frá launagreiðanda skulu talin til tekna með 2.000 kr. fyrir hvern dag, sem starfsmaður eða fjölskyldumeðlimir hans hafa húsnaðið til afnota, umfram 10 daga á ári. Afnot í allt að 10 daga á ári teljast ekki til tekna.

Með orlofshúsnaði er í þessu sambandi átt við sumarbústaði og annað það húsnaði sem ætlað er til slíkrar notkunar, þ.m.t. íbúðir í þéttbýli, sem og hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og aðrir tengivagnar.

Ekki skal telja til tekna starfsmanns greiðslu frá launagreiðanda, eða eftir atvikum stéttarfélagi, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við leigu á orlofshúsnaði eða með öðrum hætti til greiðslu á orlofsdvöl, að því marki sem slík greiðsla fer ekki yfir 40.000 kr. á ári. Skilyrði er að starfsmaður leggi fram fullgilda og óvefengjanlega reikninga fyrir greiðslu á kostnaði vegna orlofsdvalar þessarar.

2.9. Íþróttaiðkun.

Ekki skal telja til tekna starfsmanns greiðslu frá launagreiðanda, eða eftir atvikum stéttarfélagi, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun að því marki sem slík greiðsla fer ekki yfir 30.000 kr. á ári. Skilyrði er að starfsmaður leggi fram fullgilda og óvefengjanlega reikninga fyrir greiðslu á viðkomandi kostnaði. Með kostnaði við íþróttaiðkun er átt við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í golfklúbba.

2.10. Lán.

Telja skal til skattskyldra tekna mismun á vöxtum af lánum sem fengin eru hjá launagreiðanda, eða fyrir milligöngu hans, ef þeir eru lægri en þeir vextir sem birtir eru af Seðlabanka Íslands í samræmi við 10. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Miða skal við stöðu láns í byrjun hvers mánaðar og almenna vexti þess mánaðar eins og þeir eru birtir í töflu á heimasiðu Seðlabanka Íslands, „bankavextir og dráttarvextir“, og reikna staðgreiðslu opinberra gjalda á þann hátt mánaðarlega. Eftir atvikum skal miða við almenna vexti af verðtryggðum eða óverðtryggðum lánum. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum.

3. Frádráttur vegna ökutækjastyrs og dagpeninga.

3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk.

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi skal færa til tekna, heimilast til frádráttar sannanlegur kostnaður vegna rekstrar ökutækis sem nýtt hefur verið í þágu launagreiðanda og launþegi hefur borið kostnað af. Jafnframt heimilast til frádráttar móttaknum ökutækjastyrk hlutfallsleg árleg afskrift sem nemur nýtingu mest einnar bifreiðar í eigu launþega. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vega-lengd, aksturserindi, kílómetragjald, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer við-komandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Færa skal þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfívöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður er því aðeins viðurkenndur sem frádráttarbær að neðangreind skilyrði séu uppfyllt:

1. Á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur og ökutækjkjarekstur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sé gerð sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. hlutfallsleg árleg afskrift mest einnar bifreiðar að fjárhæð 675.000 kr., sbr. framanritað. Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Á eyðublaði RSK 3.04 komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins í a) akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu, b) annan akstur í eigin þágu og c) akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki 99,00 kr. á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó haerri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Fái launþegi greitt svonefnt „sérstakt gjald“ (vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag) eða „torfærugjald“ (vegna aksturs utan vega eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum) á árinu 2011 má hækka hámarksfrádrátt fyrir hvern ekinn kílómetra sem hann

fær greiddan samkvæmt „sérstóku gjaldi“ í 113,85 kr. og/eða samkvæmt „torfærugjaldi“ í 143,55 kr., enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að starfslegar forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Fái starfsmaður greiðslu fyrir almenn afnot af bifreið sinni og endurgreiðsla á kostnaði hafi verið miðuð við 3.000 km eða minna er ekki krafist sundurliðunar á rekstrarkostnaði, sbr. tölulið 1 hér að framan. Þó er gert að skilyrði að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla eða fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að eyðublað RSK 3.04 hafi verið útfyllt í samræmi við reglur þær sem þar koma fram.

3.2. Frádráttur á móti dagpeningum.

Frádráttur á móti dagpeningum sem launþegi hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill, enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað, svo sem fargjöld að og frá flugvöllum. Frádrátturinn er jafnframt háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launþega.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum á árinu 2011 sem hér segir:

<i>Frádráttur á móti dagpeningum innanlands.</i>	<i>kr.</i>
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	19.100
Fyrir gistingu í einn sólarhring	10.350
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	8.750
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	4.375

Frádráttur á móti dagpeningum erlendis. (Í SDR)

	<u>Almennir dagpeningar</u>	<u>Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa</u>		
		<u>Gisting</u>	<u>Annað</u>	<u>Samtals</u>
<i>Flokkur 1:</i>	<i>SDR</i>	<i>187</i>	<i>125</i>	<i>312</i>
Moskva, Singapúr New York borg, Tókýó, Washington DC				
		<i>120</i>	<i>80</i>	<i>200</i>
<i>Flokkur 2:</i>	<i>SDR</i>	<i>159</i>	<i>106</i>	<i>265</i>
Dublin, Istanbúl Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg Mexíkóborg, Seúl				
		<i>102</i>	<i>67</i>	<i>169</i>
<i>Flokkur 3:</i>	<i>SDR</i>	<i>141</i>	<i>94</i>	<i>235</i>
Amsterdam, Áþena, Bandaríkin (nema New York borg og Wash- ington DC), Helsinki Barselóna, Brussel, Genf, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Osló, París, Róm, Stokkhólmur, Vín				
		<i>90</i>	<i>60</i>	<i>150</i>
<i>Flokkur 4:</i>	<i>SDR</i>	<i>125</i>	<i>83</i>	<i>208</i>
Annars staðar				
		<i>80</i>	<i>54</i>	<i>134</i>

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi „Annað“ frá fengnum dagpeningum.

Hafi starfsmaður fengið greidda dagpeninga fyrir samfellað dvöl 30 daga eða lengur skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um 10 SDR fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis og dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað þess að ferðakostnaður annar en gisti- og fæðiskostnaður erlendis sé dreginn frá samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð, sem hæst getur orðið 30% af þeim hluta dagpeninga, sbr. framangreint, sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

Frádráttur vegna gistingar og annars í SDR á dag á móti dagpeningum erlendis verður sem hér segir ef dvalið er 3 vikur eða lengur:

	Dagur 1 - 7	Dagur 8 - 30	Dagur 31 - 3 mánuðir	Á dag umfram 3 mánuði
Flokkur 1	312	200	190	143
Flokkur 2	265	169	159	119
Flokkur 3	235	150	140	105
Flokkur 4	208	134	124	93

3.3 Vinna erlendis.

Sé dvöl launþega erlendis vegna tímabundinna almennra starfa þar á vegum íslensks launagreiðanda eiga reglur í tölulið 3.2 um frádrátt á móti dagpeningum vegna ferðalaga ekki við en honum er þá heimilt að draga frá sérgreindum greiðslum, sem hann kann að hafa fengið vegna uppihalds, fjárhæð sem hæst getur orðið 30 SDR á dag í allt að einu ári. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þó launþegi komi í stuttar heimsóknir hingað til lands á umræddu tímabili.

4. Frádráttur vegna fósturs barna.

Ef framteljandi hefur fengið greiðslur vegna barna sem sett eru í fóstur hjá honum af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum ber að tekjufæra þær greiðslur. Færa má til frádráttar sannanlegan kostnað sem beint tengist þessum greiðslum. Einnig má færa, í stað sannanlegs kostnaðar, frádrátt sem svarar til tvöfalds barnalífeyris vegna hvers barns, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur. Þessi regla á þó ekki við þegar um er að ræða reglubundna starfsemi sem felst í að taka börn í fóstur frá barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum. Þá skal telja greiðslur til tekna sem rekstrartekjur og rekstrarkostnað til frádráttar eftir almennum reglum þar um.

5. Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna.

Greiðslur vegna dagvistunar barna og sumardvalar á að gera upp sem rekstrartekjur. Til frádráttar má færa rekstrarkostnað eftir almennum reglum þar um. Þó má í stað frádráttar sem byggist á sannanlegum kostnaði færa til frádráttar 160 kr. fyrir hvern veittan morgunverð eða síðdegishressingu og 320 kr. fyrir hvern veittan hádegis- eða kvöldverð. Vegna 12 ára barna og eldri er þó heimilt að færa til frádráttar 215 kr. fyrir hvern veittan morgunverð eða síðdegishressingu og 430 kr. fyrir hvern hádegisverð eða kvöldverð. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir fæði samkvæmt gjaldskrá.

Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka, bifreiðakostnaðar, gæsluvallagjalfa o.þ.h. má færa til frádráttar á móti öðrum tekjum en vegna fæðissölu, 25% af þeim tekjum. Ef um sumardvöl er að ræða má færa til frádráttar

Nr. 1057

29. desember 2010

20% af tekjum án fæðissölu, enda sé um gistingu að ræða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri fjárhæð en innheimt er vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

6. Frádráttur stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna teljast að fullu til skattskyldra tekna en á móti má færa beinan kostnað vegna umönnunar og dvalar barnanna. Í stað sannanlegs kostnaðar má færa frádrátt eftir sömu reglum og samkvæmt kafla 5 að framan. Sé um kostnað að ræða sem leiðir af sérþörfum barnsins vegna fötlunar má færa þann kostnað til frádráttar, auk frádráttar samkvæmt mati fjármálaráðherra, enda sé gerð sérstök grein fyrir honum.

7. Frádráttur vegna vistunar aldraðra og öryrkja.

Greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum teljast að fullu til skattskyldra tekna en á móti má færa beinan kostnað sem af vistuninni leiðir. Í stað sannanlegs kostnaðar er heimilt að færa til frádráttar á móti greiðslum fjárhæð sem svarar til tvöfalds ellilífeyris (grunnlífeyris), en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur greiðslunum. Þessi regla á þó ekki við ef um er að ræða atvinnurekstur. Þá skal telja greiðslur til tekna sem rekstrartekjur og rekstrarkostnað til frádráttar eftir almennum reglum þar um.

8. Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérrekning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 1.196 kr. fyrir hvern heilan fæðisdag sem beir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds, enda séu hlunnindi þessi talin launþega til tekna, sbr. kafla 2.7.

Reykjavík, 29. desember 2010.

Skúli Egger Pórðarson ríkissaksóknari.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2010